

28. apríl 2014

Ágæti viðtakandi

Íslenskt samfélag stendur á næstu árum og áratugum frammi fyrir krefjandi verkefnum á sviði velferðarþjónustu. Eldri borgurum mun fjölga verulega, nýir notendahópar koma fram á sjónarsviðið og kröfur til þjónustunnar taka á sig fjölbreyttari og víðtækari mynd. Þetta kallar síðan á sérhæfingu með aukinni samþættingu og góðri yfirsýn.

Til þess að bregðast við þessum aðstæðum hafa íslensk stjórnvöld hafið leit að nýjum leiðum til nýsköpunar og á hvern hátt unnt sé að beita nýjum tæknilegum lausnum í velferðarþjónustunni.

Velferðarráðuneytið mun af þessu tilefni standa fyrir ráðstefnu dagana 4. - 5. júní næstkomandi í Hofi á Akureyri um nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu.

Á ráðstefnunni verður reynt að draga upp mynd af því sem efst er á baugi á sviði velferðartækni hjá nágrönnum okkar á hinum Norðurlöndunum og hvað af þeim meggi hugsanlega læra.

Á ráðstefnunni verða kynnt verkefni íslenskra frumkvöðla á sviði nýsköpunar og tækni sem vakið hafa athygli og gætu orðið öðrum hvatning til dáða.

Sérfræðingar sem hafa reynslu af nýsköpun og tækni frá ýmsum sjónarhornum munu gera grein fyrir ýmsum þeim áskorunum sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir og hvernig hægt verði að takast á við þær og sigrast á þeim.

Að lokum mun félags- og húsnæðismálaráðherra kynna stefnu velferðarráðuneytisins í nýsköpun og tækni í félagsþjónustu til ársins 2020. Vinna við mótun þessarar stefnu hefur verið í gangi í ráðuneytinu um nokkurra mánaða skeið en stefnunni er ætlað að verða leiðarvísir íslenskra stjórnvalda þannig að Ísland geti orðið í fremstu röð landa á þessu sviði.

Ráðstefnan er haldin í samvinnu við Norrænu velferðarmiðstöðina og fleiri aðila á formennskuári Íslands í norrænu samstarfi.

Samhliða dagskrá ráðstefnunar og sem hluta hennar verður boðið upp á „*lausnar- gallerí*“ í Hof þar sem ráðstefnugestir munu eiga kost á að hitta fulltrúa notenda, sveitarfélaga, atvinnu- og þjónustufyrirtækja, frumkvöðla, hugmyndasmiði og fulltrúa fyrirtækja sem bjóða upp á velferðarlausnir af ýmsu tagi.

Í galleríinu er gert ráð fyrir því að til sýnis verði nýjungar og það sem efst er á baugi á sviði nýsköpunar og tækni í velferðarþjónustu á Íslandi. Af þessu tilefni er því leitað til þess fyrirtækis sem þú ert fulltrúi fyrir með spurningu um hvort fyrirtækið vilja standa fyrir kynningu á þeim vörum eða þjónustu sem það hefur upp á að bjóða.

Gert er ráð fyrir því að markhópur ráðstefnunnar verði starfsfólk velferðarþjónustu innan heilbrigðis-, félags- og menntamála. Innan heilbrigðisþjónustu er því um að ræða forstöðumenn, heilbrigðisstarfsfólk í heilbrigðisþjónustu þ.m. sjúkrahúsa, öldrunarþjónustu, hjúkrunarheimila, heilsugæslustöðva og dvalarheimila. Innan félagsþjónustunnar er sérstaklega horft til forstöðumanna og starfsfólks í almennri félagsþjónustu, þjónustu við fatlað fólk og aðra þá sem þurfa sérstaka aðstoð. Í menntakerfinu er síðan sérstaklega horft til símenntunarstöðva, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla þar sem hægt er að beita nýsköpun við menntunarúrræði af ýmsu tagi.

Loks verður ráðstefnan mikilvægur vettvangur fyrir sveitarstjórnarmenn og aðra sem starfa á vegum opinberrar stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga auk alls almennings þar sem tækifæri gefst til þess að kynna sér það sem efst er á baugi í nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu.

Tungumál ráðstefnunnar verða enska, skandinavíska og íslenska.

Aðgangur er ókeypis.

<http://www.velferdarraduneyti.is/veltek2014>

Meðfylgjandi er dagskrá ráðstefnunnar.

Viðburðastofa Norðurlands sem sér um sölubása og annað sem tengist kynningum fyrirtækja á ráðstefnunni. Hægt er að kanna möguleikanna í síma 412000 eða á david@vidburdastofa.is.

